

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands

Miðvikudagur 31. jan 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 og Microsoft Teams, fjarfundur.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Olgeir Olgeirsson (OO), Viðar Garðarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Á Teams: Sigrún Agata (SA), Ingólfur Elíasson (IE), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP)

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Bergur Jónsson (BJ),

Uræða um úrslitakeppni kvenna, mótanefnd hefur ekki getað klárað málið vegna mismunandi hagsmuna nefndarmanna. Eftir umræðu var ákveðið að senda tvær tillögur frá stjórn til umræðu í mótanefnd með þeim orðum að klára þyrfti málið sem fyrst.

Umgjörð leikja í Egilshöll. Nokkrar dómarskýrslur hafa borist skrifstofu ásamt erindi frá Inga Snorra Bjarkasyni f.h. foreldrafélagas Skautafélags Akureyrar.

Varðandi erindi Inga Snorra þá er stjórnin algerlega einhuga um að algerlega óverjandi er sú aðstaða sem stúlkum úr SA var boðið uppá í Egilshöll í U16 leik sem leikin var í enda janúar. Framkvæmdastjóra falið að ræða við formann íshökkídeildar Fjölnis og gera honum grein fyrir alvarleika málsins ásamt því að ganga eftir úrbótum.

Farið var yfir hugmyndir dómarnefndar með skipun dómara í úrslitakeppni karla og kvenna. Ásamt þeim leikjum sem koma dagana á undan. GIP kynnti möguleika á því að fá Viktor sem dæmdu á síðasta ári til að koma og hjálpa til næstu daga þar sem erfiðlega hefur gengið að manna alla leiki sem stendur og álagið næstu daga síst að minnka.

Framkvæmdastjóri kynnti úthlutun Afrekssjóðs sem veldur umtalsverðum vonbrygðum þetta árið. Lækkun á milli ára nemur 25% sem mun hafa einhver áhrif á starfsemina. Í framhaldi voru ræddir möguleikar varðandi þjálfaramál landsliða ásamt framtíðar stefnumörkun í afreksmálum. Nokkur einhugur var með að nýta betur þjálfara félagsliða í samvinnu við félögin en nánari útfærsla býður betri tíma.

GIP hefur verið í viðræðum við ungverja um samstarf í dómaramálum. Henni falið að vinna málið áfram.

HP sagði frá samtölum sínum við Prince Edward University í Kanada um að koma hingað til lands og spila æfingaleiki við landslið frá okkur ágúst – september á þessu ári. Einnig hefur University of Ottawa sýnt áhuga á að koma hingað til lands í sama tilgangi 27. Ágúst 2024

VG kynnti tilboð frá Sportway og ákveðið var að hafna því á þeim forsendum að greiðsluskipting væri ekki sanngjörn eða aðgengileg fyrir ÍHÍ

Ákveðið var að stíga niður til fulls varðandi hálshlífar leikmanna. ÍHÍ tilkynni aðildarfélögum að frá og með 15. Febrúar 2024 verði viðurkenndar hálshlífar hluti af öryggisútbúnaði Allra leikmanna og dómara. VG sér um að tilkynna þessa ákvörðun til aðildarféлага.

Fundi slitið.